

Hauganes deiliskipulagsbreyting

Tekið fyrir á 370. Fundi umhverfissráðs 17. mars 2022

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á áður auglýstum uppdrætti:

1. Stækkanir einbýlishúsalóðanna nr. 1, 3, 5 og 7 við Ásveg eru felldar út.
2. Verbúðarlóð fyrir fjórar stakstæðar verbúðir vestan við íbúðarhúsið Sandvík og Jóabúð er felld út.
3. Ný verbúðarlóð með fjórum 30 m² samtengdum verbúðareiningum og alls 120 m² byggingarheimild vestan við Jóabúð.
4. Byggingarheimild á verbúðarlóð austan Jóabúðar minnkuð í 35 m²
5. Nyrðri verbúðarlóðin austan við Aðalgötu er felld út og syrðri verbúðarlóðinni er hliðrað norðar um 10.5m.
6. Lóð fyrir skolpdælustöð er stækkuð til að gefa rými til stækkunar dælustöðvar.
7. Göngustíg sunnan við Hafnargötu 3 er hliðrað til suðurs um 1 m.
8. Byggingarheimild á nýrri einbýlishúsalóð við Klapparstíg 18 er breytt úr tveggja hæða húsi yfir í einnar hæðar hús.
9. Byggingarheimild á raðhúsalóð við Aðalgötu 17-23 breytt þannig að byggingarreitur minnki og íbúðum fækki úr fjórum í þrjár.
10. Byggingarheimildum á lóðunum að Klapparstíg 8 og 9 er breytt úr einbýlishúsum í raðhús.
11. Gangstígum á opnu svæði er breytt þannig að einungis verði sýndar innkomur göngustíganna en nánari útfærsla innan svæðisins verði í höndum Framkvæmdasviðs.

12. Bætt er inn lóðarnúmerum á nýjar og núverandi verbúðarlóðir.
13. Tvær nýjar íbúðagötur ofan og vestan Lyngholts fá nöfnin A-holt og B-holt í deiliskipulagstillögunni en óska á eftir hugmyndum frá íbúum að nöfnum á götunum.
14. Einstefnugata frá hafnarsvæði og norður eftir, austan Aðalgötu, fær nafnið C-gata í deiliskipulagstillögunni en óska á eftir hugmyndum frá íbúum að nafni á götunni.
15. Ný vistgata norðan Hauganesvegjar fær nafnið D-gata í deiliskipulagstillögunni en óska á eftir hugmyndum frá íbúum að nafni á götunni.